

**36. Fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps  
Haldinn í fjarfundi 16.10. 2020 klukkan 20:00**

Mætt eru: Rúnar Þorri Guðnason formaður, Þuríður Helga Benediktsdóttir varaformaður og Jóna Björk Jónsdóttir ritari

Dagskrá fundar.

1. Þuríður Helga Benediktsdóttir kosinn varaformaður.
2. Val á einstaklingum og/eða fyrirtækjum sem fá viðurkenningu nefndarinnar á uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2020.

Vegna COVID verður ekki formleg afhending viðurkenninga.

Rætt um mögulega verðlaunahafa og ákveðið að auglýsa eftir tillögum frá sveitungum.

3. Sorpmál.

Miklar framfarir hafa verið á umgengni á gámavellinum á þessu ári.

Nokkuð vantar upp á upplýsingaflæði til íbúa sem leiðbeinir um flokkun og bæta þarf merkingar á gámavellinum. Eru nefndarmenn tilbúnir að aðstoða við þetta mál ef þess er óskað.

4. Önnur mál.

Eftirtektavert var að þorpinu á Kirkjubæjarklaustri var vel sinnt í sumar og lýsa fundarmenn ánægju sinni með það.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 21. okt. klukkan 20.00.

Fundi slitið klukkan 20:58